

Ávarp Christina Mattsson, stjórnarformanns Nordiska Museet

Markmið Artur Hazelius með stofnun Nordiska museet á sínum tíma var að reyna að bjarga menningararfi sem hann óttaðist að myndi glatast öðrum kosti. Hann beindi athygli sinni fyrst og fremst að sænskum menningararfi en hin samnorræna hugsun var honum einnig hugstæð.

Artur var menntaður í bókmenntasögu og norrænu og doktorsritgerð hans fjallaði um Hávamál. Tungumálanámið vakti áhuga hans á þjóðernisrómantík og öllu því sem tengdist föðurlandinu, en hvort tveggja varð honum hvati í lífsstarfi hans. Á námsárunum komst hann í kynni við Norðmenn og Dani sem aðhylltust skandínavismann, og hafði það mikil áhrif á ævistarf hans.

Hazelius var einlægur skandínavisti, eins og meðal annars má glögg sjá af þeim nöfnum sem hann valdi stofnunum sínum – *Nordiska museet*, sem hann stofnaði árið 1880 og fyrirrennara þess *Skandinavisk – etnografiska samlingen* (Norræna þjóðfræðisafnið). Útisafnið Skansen hafði þegar frá upphafi norrænt yfirbragð.

Söfn Hazeliusar urðu brátt mjög umfangsmikil. Safngripirnir voru ekki aðeins sænskir heldur frá öllum Norðurlöndum og frá hinu forna yfirráðasvæði Svía handan Eystrasalts. Ætlunin var að skapa möguleika á samanburðarrannsóknunum á menningu þessara landa.

Talsverður hluti hinna fyrstu safngripa kom frá Noregi og Danmörku, en einnig voru farnar söfnunarferðir til Íslands. Í Nordiska museet eru um 800 íslenskir munir sem var aðallega safnað á árunum 1874 til 1888. Margir þessara gripa tengjast klæðaburði fólks, til dæmis belti, spennur, hnappar, skartgripir og nokkrir kvenbúningar með tilheyrandi skarti. Þarna er einnig húsbúnaður ýmiss konar, eins og rúmfjalir, rúmteppi, trafakefli, skrín, kistur, skeiðar og fleira af þeim toga. Aðeins örfáir munanna, aðallega reiðtygi og veiðarfæri, tengjast atvinnuvegum þjóðarinnar.

Þegar árið 1890 gaf Artur Hazelius út á bók úrval mynda af íslensku gripunum. Á titilblaði nefnir hann sérstaklega landshöfðingja Íslands, þá Berg Thorberg og Magnús Stephensen, sem hann kallar „sína tryggu æskuvini, sem báðir efluðu hina íslensku deild safnsins“, en þetta má skilja sem svo að þeir hafi útvegað muni til safnsins líkt og þeir sem fóru um önnur

lönd í söfnunarskyni. Hazelius sjálfur var iðinn við að safna en ólaunaðir sjálfboðaliðar hans söfnuðu þó megninu af því sem safnað var. Hann kallaði þá „skaffarana” sína og það má segja að þeir hafi verið eins konar útsendarar hans. Þeir áttu að safna eins miklu og mögulegt var: „Verið duglegir að skrifa niður, safnið mörgum gripum, pakkið þeim vel inn og merkið hlutina nákvæmlega“ skrifaði Hazelius í bréfi til eins þeirra.

Síðustu áratugi hefur áhuginn á íslensku mununum í Nordiska museet farið þverrandi og engar rannsóknir á gripunum hafa farið fram. En munirnir eru einstaklega áhugaverðir fyrir Íslendinga og bæta við þá þekkingu á handverki og listiðnaði sem fyrir er.

Það er með sérstakri ánægju sem Nordiska museet afhendir stærstan hluta íslensku munanna til Íslands, þar sem þeir eiga heima með réttu. Hér verða gripirnir til sýnis og aðgengilegir fyrir fræðimenn á allt annan hátt en ef þeir hefðu verið áfram í vörslu Nordiska museet. Gerður hefur verið samningur um ævarandi varðveislu gripanna í Þjóðminjasafni Íslands. Í Nordiska museet verður tíundi hluti munanna eftir til þess að minna komandi kynslóðir á þá tíma þegar gripum var safnað um öll Norðurlönd á vegum Nordiska museet.